

# Fundargerð 341. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Þingborg og í beinu streymi
<b>Fundardagur:</b>	Þriðjudagur 12. maí 2026
<b>Fundartími:</b>	17:00-18:15
<b>Fundarmenn:</b>	Árni Eiríksson, oddviti Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Walter Fannar Kristjánsson Harpa Magnúsdóttir Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

## 1. Ársreikningur Flóahrepps 2025 – Seinni umræða

Friðrik Einarsson endurskoðandi hjá KPMG kom inn á fundinn og fór yfir breytingar á milli fyrri og seinni umræðu og fór yfir endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings 2025.

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2025 lagður fram til seinni umræðu í sveitarstjórn ásamt sundurliðunarbók og endurskoðunarskýrslu. Fyrri umræða um ársreikninginn fór fram í sveitarstjórn þann 5. maí 2026.

Niðurstaða ársreiknings Flóahrepps fyrir árið 2025 er jákvæð í A hluta og í A og B hluta samanlagt.

Samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins námu rekstrartekjur A og B hluta á árinu 2025 1.512 millj.kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 234,4 millj. kr., en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 231,9 millj. kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 130,9 millj. kr. frá samstæðu.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 202,9 millj. kr. en 188,8 millj.kr. í A hluta.

Bókfært verð eigna sveitarfélagsins í A og B hluta nam 1.579,1 millj. kr. í árslok 2025, eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.249,8 millj. kr. og skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins námu samtals 329.3 millj. kr. í árslok 2025.

Fjárfesting í rekstrarfjármunum á árinu 2025 nam 146 millj. kr í A og B hluta. Stærsti hluti fjárfestinga var í vatnsveitu, breytingum í Þingborg, endurbótum í Þjórsárveri og á skólalóð Flóaskóla.

Skuldahlutfall sveitarfélagsins í árslok 2025, þ.e. hlutfall heildarskulda og skuldbindinga af tekjum, nam 22% í A og B hluta. Skuldaviðmið ársins er ekki reiknað þar sem veltufjármunir sveitarfélagsins eru umfram skuldir.

Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili (2023-2025) er jákvæður í A og B hluta. Hlutfall launa og launatengdra gjalda af rekstrartekjum í A og B hluta nemur 46,9% en áætlun gerði ráð fyrir 49,8%.

Í ársreikningnum er hlutdeild sveitarfélagsins í einstökum liðum rekstrar og efnahags samstarfsverkefna færð til samræmis við ábyrgð sveitarfélagsins.

Engin lántaka var á árinu 2025 og öll fjárfesting greidd með afgangi af rekstri.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir samhljóða ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2025 og staðfestir hann með áritun sinni. Einnig samþykkir sveitarstjórn framlagða sundurliðunarbók og endurskoðunarskýrslu 2025. Niðurstöður ársreiknings 2025 sýna mjög góða stöðu sveitarfélagsins og sýnir fram á getu sveitarfélagsins til að sinna áfram sínum lögbundnu verkefnum. Veltufé frá rekstri upp á 202,9 millj. kr. endurspeglar það svigrúm sem rekstur sveitarfélagsins gefur til að standa undir nýjum fjárfestingum, framkvæmdum og uppbyggingu innviða í þágu íbúa.

Sveitarstjórn vill þakka stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir þeirra mikilvæga framlag er varðar ábyrga rekstrarstjórnun innan deilda sveitarfélagsins og gott utanumhald og eftirlit.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## **2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa 250, dags. 05.05.2026**

Lagðar fram til kynningar.

## **3. Umsókn um framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni; Önundarholtsvegur; Gaulverjabæjarvegur-Villingaholtsvegur**

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni vegna endurbyggingar á Önundarholtsvegi (311-01) frá Gaulverjabæjarvegi (33) að Villingaholtsvegi (305-01). Vegagerðin hyggst fara í endurbyggingu á vegi með styrktar og burðarlagi þar sem þess er þörf og leggja klæðningu á veginn. Fyrirhugað er að bjóða framkvæmdir út seinni hluta maí mánaðar og að þeim ljúki í lok sumars. Gert er ráð fyrir að umferð verði um framkvæmdasvæðið á framkvæmdatíma.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis vegna Önundarholtsvegar skv. fyrirbyggjandi umsókn frá Vegagerðinni. Framkvæmdaleyfið er veitt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## **4. Umsókn um framkvæmdaleyfi; Egilsstaðir 1 land L188577; Vegagerð**

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar innan deiliskipulagðs svæðis á Egilsstöðum 1 land L188577.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis vegna lagningu vegar innan deiliskipulagðs svæðis á Egilsstöðum 1 land L188577 skv. fyrirbyggjandi umsókn.

Framkvæmdaleyfið er veitt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## **5. Samþykkt um gatnagerðargjald í Flóahreppi**

Fyrir liggur samþykkt um gatnagerðargjald í Flóahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að fjárhæð gatanagerðargjalds í þéttbýli í Flóahreppi verði eftirfarandi:

Einbýlishús 8%

Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús 7%

Fjölbýlishús 5%

Iðnaðarsvæði 5%

Verslun og þjónusta 5%

Athafnasvæði og aðrar byggingar 5%

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar samþykktir um gatnagerðargjald í þéttbýli í Flóahrepp útfrá ofangreindum forsendum. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að samþykkt um gatnagerðargjald verði endurskoðuð árlega á meðan þéttbýli við Þingborg byggist upp.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## **6. Erindi frá Reiðveganefnd Sleipnis**

Fyrir liggur erindi frá Reiðveganefnd Sleipnis þar sem nefndin bendir sveitarstjórn á þörf fyrir fjármögnun á reiðleið meðfram Önundarholtsvegi samhliða framkvæmdum um lagningu klæðningar á veginn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að verða við ósk Reiðveganefndar Sleipnis um sameiginlegan fund vegna málsins og hvetur til góðs samstarfs sveitarfélagsins, reiðveganefndarinnar og Vegagerðarinnar vegna málsins þannig að gerður verði vel reiðfær slóð eða gata í samræmi við samkomulag Vegagerðarinnar og LH frá 2022.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## **7. Fundargerðir**

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 340, dags. 05.05.2026
- b) Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar dags. 07.05.2026
- c) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings dags. 04.05.2026
- d) Ársfundar Brákar íbúðafélags hses. dags. 28.04.2026
- e) Stjórnar Bergrisans nr. 93, dags. 21.04.2026

#### **8. Efni til kynningar**

- a) Íbúakönnun 16.05.2026
- b) Ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar 2025
- c) Umsögn SSKS við 596. mál – jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku (jöfnunargjald) Sveitarstjórn fagnar framkomnu frumvarpi til jöfnunar kostnaðar við dreifingu á raforku (jöfnunargjald) og felur sveitarstjóra að senda inn umsögn þar sem tekið verði undir umsögn SSKS.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands 27.05.2026
- e) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 19. maí kl. 17:00

#### **9. Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarmálabók.

*Árni Eiríksson (sign)*  
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*  
*Hjalti Guðmundsson (sign)*

*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*  
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*